



Umhverfis- og skipulagssvið

Hverfisskipulag – Breiðholt 6.2 Seljahverfi

Á fundi borgarráðs þann 9. desember 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 6. desember 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 1. desember 2021 á tillögu að hverfisskipulagi Breiðholts, hverfi 6.2 Seljahverfi, ásamt fylgiskjöllum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hverfisskipulag er spennandi þróunarverkefni hjá borginni og gengur út á það að gera öll hverfin í borginni ennþá betri. Samráð er hryggjarstykkið við gerð hverfisskipulags sem er ætlað að einfalda ferla við breytingar á húsum í borgarhlutanum, draga fram framtíðarsýn íbúa hverfisins í tengslum við hverfakjarna og kortleggja lykilstyrkleika hverfisins með það að markmiði að styrkja hverfið. Breiðholtið er gríðarlega stór og fjölmennur borgarhluti sem er skilgreindur sem þrjú hverfi innan Reykjavíkur, Neðra Breiðholt, Seljahverfi og Efra Breiðholt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Nú blasir við að Arnarnesvegurinn verði umferðaræð með miklum umferðarþunga sem er líkleg til að hindra að nokkur útivist verði á svæðinu. Þessi framkvæmd eyðileggur náttúru í Vatnsendahvarfinu og efsta hluta Elliðaárdals. Fulltrúi Flokks fólksins er sleginn yfir að sjá bréf frá Vegagerðinni og Kópavogsbæ sem viðkemur Arnarnesveginum. Kópavogur vill stýra hvernig svæðum umhverfis Arnarnesveg verði ráðstafað í skipulagi „svo áframhaldandi afkastageta vegarins verði tryggð“ eins og segir í þeirra umsögn. Áhersla Vegagerðarinnar er að Arnarnesvegurinn geti stækkað og beri fleiri bíla í framtíðinni. Fulltrúi Flokks fólksins bendir á að ef veghelgunarsvæði verður stórt og það svæði verður að fullu nýtt, mun það hafa slæm áhrif á íbúa og hindra þróunarmöguleika Vetrargarðsins. Kópavogur vill hafa áhrif á skipulagið og virðist hugsa einungis um eigin hagsmuni. Reykjavík leyfir hagsmunum þeirra að vera í fyrirrúmi. Engin virðing er borin fyrir umhverfinu þarna í upphæðum. Fulltrúa Flokks fólksins finnst slæmt að Reykjavíkurborg skuli ekki taka þetta fastari tókum, ekki síst vegna Vetrargarðsins sem Kópavogsbúar munu eflaust nota líka. Eru skipulagsyfirvöld virkilega sátt með það í allri sinni umræðu um grænar áherslur? Af hverju er ekki hægt að skoða að leggja veginn í göng eða stökk til að vernda umhverfi, náttúru og útivistarmöguleika svæðisins?

Helga Björk Laxdal
e.u.